

**Samkomulag**  
**milli Dansmenntar ehf, kt. 691105-0750 og SFR kt. 620269-3449**  
**vegna starfskjara kennara við Listdansskóla Íslands skólaárið 2009-2012**

Samningur þessi nær til kennara og undirleikara sem starfa hjá Dansmennt ehf.

SFR félagar þeir sem samningur þessi tekur til falla undir aðalkjarasamning SFR eins og hann er á hverjum tíma, nema er varðar þau ákvæði sem sérstaklega er samið um í samningi þessum.

Kennslutímabilið er 36 vikur á tímabilinu ágúst – maí.

Þar fyrir utan eru alls 6 dagar í undirbúning að hausti og frágang að vori

Jólafrí er 2-3 vikur

Páskafrí er 1 vika

Sumarleyfi er 6 vikur og tekið á tímabilinu júní-ágúst

Annað launað frí er 4-5 vikur yfir sumartímann

--

Viðvera kennara: 37 vikur (36 í kennslu og rúm 1 í undirbúning/frágang utan kennslutímabils).

Launað frí utan orlofs: 9 vikur

Orlof: 6 vikur

Samtals: 52 vikur

--

100% starf miðast við 40 klst. á viku og skiptist í kennslu, undirbúning kennslu og *önnur störf* sbr. hér að neðan\*.

- Kennsla fer fram á tímabilinu 8:00-20:00 á virkum dögum og frá 10:00-15:00 á laugardögum. Kennari sem opna þarf skólann fyrir nemendum að morgni eða loka skóla að vinnudegi loknum fær þann tíma metinn, 15 mín í hvert skipti sem frádrátt á tímum merktum “til ráðstöfunar fyrir skólastjóra.
- Álag fyrir vinnu sem fellur utan hefðbundins dagvinnutíma er innifalið í launum og endurspeglast einnig í afslætti á kennsluskyldu.
- Dansmennt greiðir allt að kr. 30.000.- á árinu vegna endurmenntunar kennarans
- Dansmennt greiðir persónuuppbót í desember og orlofsuppbót samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR og ríkisins.
- Dansmennt tryggir kennurum tvo frídaga í hverri viku og er annar þeirra sunnudagur
- Forfallakennsla greiðist sem yfirvinna. Það telst forfallakennsla ef kennari leysir annan af hólmi.
- Dansmennt setur sig ekki upp á móti því að kennari í 100% starfi vinni hjá samkeppnisaðila
- Dansmennt fer ekki fram á að kennarar annað hvort vinni af sér það frí sem þeir fá umfram lögbundið orlof eða skili vinnu á þeim tíma (t.d. með sumarnámskeiðum)
- Dansmennt býður *öllum* kennurum sínum 6 vikna launað orlof – sem er lengra frí en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði

- Kennarar þeir sem það kjósa geta valið að greiða í LSR. Velji þeir það er Dansmennt ehf heimilt að lækka launagreiðslur til þeirra sem nemur því hlutfalli sem er á milli greiðslna til lífeyrissjóða á almennum markaði og LSR.
- Kennarar eiga rétt á starfsmannaviðtali einu sinni á ári
- Kennarar eiga rétt á launaviðtali einu sinni á ári
- Ráðning er ótímabundin en uppsegjanleg af báðum aðilum með 3ja mánaða fyrirvara

**Deildarstjóri (með framhaldsmenntun eða sambærilega reynslu og þekkingu)**

***Laun kr. 339.000 á mánuði \*\****

*Skipting milli starfsþátta:*

Kennsla	16 klst á viku	576 klst á ári
Undirbúningur kennslu	14 klst á viku	504 klst á ári
*Til ráðstöfunar fyrir skólastjóra		360 klst á ári

Kaffi og matartímar		212 klst á ári
Óskilgreint frí/endurmenntun		150 klst á ári

Samtals á kennslutímabilinu                      40 klst á viku                      1800 klst á ári

**Kennari 1 - (með framhaldsmenntun eða sambærilega reynslu og þekkingu)**

***Laun kr. 318.000 á mánuði***

*Skipting milli starfsþátta:*

Kennsla	17 klst á viku	612 klst á ári
Undirbúningur kennslu	15 klst á viku	540klst á ári
*Til ráðstöfunar fyrir skólastjóra		286 klst á ári

Kaffi og matartímar		212 klst á ári
Óskilgreint frí/endurmenntun		150 klst á ári

Samtals á kennslutímabilinu                      40 klst á viku                      1800 klst á ári

**Kennari 2 – byrjandi (með framhaldsmenntun eða sambærilega reynslu og þekkingu)**

***Laun kr. 308.000 á mánuði***

*Skipting milli starfsþátta er sú sama og hjá Kennara 1*

## **Undirleikari**

***Laun kr. 277.200 á mánuði***

Starfið skiptist í 720 kennslustundir í undirleik í kennslustundum, 360 stundir í undirbúning kennslunnar og 360 stundir til ráðstöfunar fyrir skólastjóra í aðra vinnu s.s. próf, fundi, inntöku nýnema ofl.

*\*önnur störf:*

til ráðstöfunar f. skólastjóra; meðal þess sem er innifalið í þessum tímum er vinna við sýningar (svo sem búningamátun og frágangur á tónlist), fundir, samskipti við foreldra, umsýsla með nemendum, vinna að stefnumótun, prófdæming og miðannarmat, inntaka nýnema, undirbúningur að hausti, og frágangur að vori.

Samkomulag þetta gildir frá 1. ágúst 2009 til 31. júlí 2012 og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Reykjavík, 3. júlí 2009

Dansmennt ehf

SFR

Jóna Finnsdóttir

Þórarinn Eyfjörð

Birgitta Heide

### **Bókun með samningi**

Aðilar eru sammála um að setja á stofn vinnuhóp/faghóp er hefur það verkefni að fara í stefnumótunarvinnu varðandi framtíðarsýn og markmið skólans. Ásamt því að skerpa á ábyrgðarsviði og starfslýsingum kennara skólans.

Stefnt er að því að stöðugildum undirleikara við skólann verði fjölgað.